




Skagafjörður

SVEITARFÉLAGIÐ SKAGAFJÖRÐUR

Íbúapróun og breytingar á fjölda ríkistarfa í Skagafirði



Íbúapróun í sveitarfélögunum í Skagafirði 1998-2017

HELSTU ÁHERSLUMÁL

Mynd á forsiðu:

Stöplarit sem sýnir íbúabróun í Skagafirði (Svf. Skagafirði og Akrahreppi) 1998-2017.

Á þessu tímabili fækkaði íbúum í Skagafirði um 9%.

Á árunum 1998-2017 fækkaði íbúum á Norðurlandi vestra um 26,9%, mest allra landshluta.

Í tveimur öðrum landshlutum, Vestfjörðum og Austurlandi, fækkaði íbúum yfir sama tímabil (-20,6% og -0,6%).

Á sama tímabili fjölgaði íbúum höfuðborgarsvæðisins um 31,8% og íbúum landsins alls um 24,2%.

Ágætu þingmenn í fjárlaganefnd Alþingis.

Enn á ný er komið að árlegum fundi sveitarstjórnarmanna og nefndarmanna í fjárlaganefnd Alþingis. Í meðfylgjandi skjali eru tekin saman helstu verkefni og viðfangsefni sem brenna á íbúum Skagafjarðar og er óskað eftir að nefndarmenn fjárlaganefndar leggi liðsinni sitt við.

Íbúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar treysta á víðtæka samvinnu í að treysta byggð í héraðinu. Við erum öll sem eitt tilbúin fyrir nýja og bjartari tíma og tilbúin að leggja á okkur þá vinnu sem þarf til þess að gera samfélagið okkar betra og sterkara. Við viljum bjóða ykkur, kæru þingmenn, að leggja hönd á plóg með okkur og vinna með okkur í þessu verkefni.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands stendur m.a.: „Ríkisstjórnin mun stuðla að uppbyggingu á innviðum samfélagsins, samgöngum, heilbrigðis- og menntakerfi og kraftmiklu og samkeppnishæfu atvinnulífi fyrir íbúa um land allt.“ Enn fremur segir þar: „Ríkisstjórnin leggur áherslu á markvissar aðgerðir til að treysta byggð í landinu... Í samvinnu við sveitarfélögin verði reglulega gerð úttekt á aðgengi landsmanna að þjónustu, meðal annars með það fyrir augum að jafna kostnað íbúa við að njóta lögbundinnar grunnþjónustu.“

Gríðarlega mikilvægt er að staðið verði við ofangreind fyrirheit og að sérstaklega verði gætt að samkeppnishæfni byggða á landsbyggðinni, aðgengi íbúa hennar að nauðsynlegri þjónustu og kostnaði þar að lútandi. Í því sambandi má m.a. nefna að ekki hefur enn verið ráðist í víðtæka greiningu á kostnaði íbúa landsbyggðarinnar við að sækja sér grunnþjónustu utan heimabyggðar né þeim áhrifum sem samþjöppun heilbrigðisþjónustu hefur haft á búsetuþróun í landinu, áhrifum á heilsufar fólks og lífslíkur.

Flest þau verkefni sem hér fara á eftir snúast um grunnatriði í innviðum skagfirskis samfélags en þessir innviðir þurfa að vera í lagi til að samfélagið megi vaxa og dafna og halda áfram á braut vaxtar eftir gríðarlega erfið niðurskurðarár og fólksfækkun.

Sérstök áhersluatriði

1. Næsta uppbygging mannaflafreks iðnaðar verði á Norðurlandi vestra

Eitt brýnasta hagsmunamál Norðurlands vestra er að ríkisstjórn Íslands, Alþingi og opinber fyrirtæki og stofnanir í starfsumhverfi iðnaðar og beinnar erlendrar fjárfestingar hér á landi beini sjónum sínum að landshlutanum og hefji markvissa vinnu við að laða að uppbyggingu iðnaðarstarfsemi þar.

Vel heppnuð fordæmi á þessu sviði má sjá víða um land, m.a. í Hafnafirði, á Grundartanga, í Reyðarfirði, á Akureyri og nú síðast Bakka við Húsavík þar sem veittar voru ríkulegar ívilnanir til að beina erlendum fjárfestum inn á svæðið.

Mikilvægt er að ríkið, Landsvirkjun, Landsnet, Íslandsstofa og fleiri aðilar eftir atvikum taki höndum saman og tryggi slíka iðnaðaruppbyggingu með það að markmiði að nýta til atvinnusköpunar og verðmætaaukningar þá orku sem þegar er framleidd á svæðinu og sem hægt er að framleiða til viðbótar í samræmi við rammaáætlun. **Setja þarf í forgang að við ákvarðanatöku um næstu stóru iðnaðaruppbyggingu á landinu verði fyrsti valkostur ávallt Norðurland vestra.**

Er þar einkum horft til fjárfestinga sem samræmast nýlegri ályktun Alþingis um eflingu nýfjárfestinga í íslensku atvinnulífi þar sem lögð verði áhersla á nýfjárfestingarverkefnið:

1. sem byggjast á styrkleikum Íslands og sérstöðu,
2. sem stuðla að aukinni fjölbreytni og afleiddri innlendri starfsemi,
3. sem ýta undir vöxt alþjóðlega samkeppnishæfs þekkingariðnaðar,
4. sem styðjast við nýjustu og bestu fánlegu tækni og umhverfisviðmið, m.a. með tilliti til skuldbindinga Íslands á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í desember 2015,
5. sem skapa innlandan virðisauka og hafa margföldunarhrif, t.d. með samstarfi við starfandi íslensk fyrirtæki og með fjárfestingum í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum,
6. sem skila sem mestum virðisauka og innleiða nýja þekkingu.

Brýnt er að stjórnvöld, Landsvirkjun, fjárfestingasvið Íslandsstofu, Landsnet og aðrir aðilar vinnu að þessu verkefni og ráðist í nauðsynlegan undirbúning til að það fái framgang.

2. Flugsamgöngur til Sauðárkróks – endurbætur á Alexandersflugvelli

Góðar og öruggar samgöngur innan og á milli landshluta skipta gríðarlegu máli í byggðalegu tilliti og eru grundvallarþáttur í grunnþjónustu við íbúa landsins.

Reglulegt áætlunarflug á milli höfuðborgarinnar Reykjavíkur og Sauðárkróks skiptir mjög miklu máli varðandi samkeppnisstöðu, þjónustu og mannlíf á Norðurlandi vestra. Þá skiptir reglulegt áætlunarflug mjög miklu máli í þjónustu við vaxandi fjölda ferðamanna sem sækja svæðið heim.

Opinbert markmið Ísavia er að vinna með aðilum að stækkun innanlandskerfis áætlunarflugs og að innanlandsflug og flugvelli innanlands eigi að gegna auknu hlutverki í uppbyggingu ferðaþjónustu á næstu árum. Enn fremur að öflugra innanlandsflug gegni gríðarlega miklu hlutverki við að dreifa ferðamönnum um landið og þar með að jafna út álagi sem aukinn ferðamannastraumur veldur.

Í félagshagfræðilegri greiningu sem Ásta Þorleifsdóttir og Vilhjálmur Hilmarsson gerðu um áætlunarflug innanlands og kom út í nóvember árið 2013, segir m.a.: „Góðar samgöngur hafa mikil áhrif á atvinnu, efnahag, lífsgæði og öryggi fólks og tryggja aðgengi að nauðsynlegri þjónustu og

flutningum milli svæða til að sinna þörfum samfélagsins á hverjum tíma. Almennt sýna rannsóknir að hreyfanleiki og aðgengi skipta sköpum við búsetuval ekki hvað síst á landsbyggðinni. Þar spilar innanlandsflug stórt hlutverk og er oft einn grundvöllur búsetugæða þ.e. þeirra þátta sem gera staði hæfa og/eða eftirsóknarverða til búsetu.“

Um áramótin 2012/2013 hætti ríkið stuðningi sínum við áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Sauðárkróks. Kom það til vegna þess að með tilkomu Héðinsfjarðarganga á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar þótti þáverandi samgönguyfirvöldum ekki vera sami grundvöllur og áður fyrir ríkisstuðningi við áætlunarflug þennan fluglegg. Þó var hlutfall farþega sem fóru um Alexandersflugvöll á Sauðárkróki og sem héldu áfram til Siglufjarðar eða komu þaðan á suðurleið aðeins um 7% heildarfarþegafjölda til Sauðárkróks.

Í greinargerð faghóps Háskólans á Akureyri vegna samgönguáætlunar 2011-2022 er bent á að reglubundið flug til Skagafjarðar styrki þjónustuna á svæðinu og að með styrkingu slíkra þjónustukjarna á jaðri vaxtarsvæða megi teygja slík svæði lengra og ná þannig til byggðarlaga sem nú liggja utan þeirra. Með styrkari þjónustu á Sauðárkróki megi þannig koma til móts við þarfir íbúa utan Skagafjarðar, þ.m.t. Austur-Húnavatnssýslu. Það má því ljóst vera að fyrir liggur það faglega mat að ef flugsamgangna til Sauðárkróks nýtur ekki við dregur það úr samkeppnishæfni Skagafjarðar og Norðurlands vestra, svæðis sem hefur mátt þola gríðarlega fólksfækkun og skerðingun opinberra starfa á undanförunum árum.

Kallað er eftir því að stutt verði við áform flugfélagsins Arna um að komið verði á áætlunarflugi milli Sauðárkróks og Reykjavíkur að nýju, með þeim hætti að þannig verði búið að innviðum og rekstri Alexandersflugvallar að hann geti þjónað reglubundnu innanlandsflugi en á liðnum árum hafa tæki og tól verið flutt frá velli til annarra flugvalla.

Er hér aftur vitnað til félagshagfræðilegrar greiningar á áætlunarflugi innanlands þar sem segir að almennt sýni „rannsóknir að hreyfanleiki og aðgengi skipta sköpum við búsetuval ekki hvað síst á landsbyggðinni. Þar spilar innanlandsflug stórt hlutverk og er oft einn grundvöllur búsetugæða þ.e. þeirra þátta sem gera staði hæfa og/eða eftirsóknarverða til búsetu.“

Ef Skagafjörður og Norðurland vestra eiga að ná viðspyrnu að nýju er nauðsynlegt að komið verði að nýju á áætlunarflugi á milli Sauðárkróks og Reykjavíkur. Greiðar og skjótar samgöngur skipta þrátt fyrir allt enn miklu máli þegar kemur að ákveðnum þjónustubáttum og jafnvel enn meira máli í dag en áður þegar kemur að grunnþjónustu heilbrigðiskerfis.

Í því sambandi má geta þess að tilhögun sjúkraflugs frá Alexandersflugvelli er algjörlega óviðunandi í dag og sl. vetur hefur legið nærri að mannlífum hafi verið fórnað vegna þessa, m.a. vegna tafa við ruðning og hálkuvörnir flugbrautar og því að viðhaldi tækjabúnaðar var svo áfátt að ruðningstæki var rafmagnslaust þegar til átti að taka.

Á meðan það ástand varir að ekki er um fyrirbyggjandi viðhald og hreinsun flugbrautar að ræða kann sú staða að koma upp að fleiri bráðatilfelli vegna slysa eða veikinda verði fyrir alvarlegum viðbragðstöfum vegna þessa – hugsanlega með hörmulegum afleiðingum. Enginn vill hafa slíkt á samvisskunn.

3. Endurbætur vega í Skagafirði

Sveitarfélagið Skagafjörður harmar sinnuleysi stjórnvalda í viðhaldi og uppbyggingu vegakerfisins og óskar eftir því við fjárlaganefnd Alþingis að lagðir verði auknir fjármunir í málaflokkinn. Víða í Sveitarfélaginu Skagafirði má finna vegi sem beinlínis eru hættulegir yfirferðar vegna skorts á viðhaldi.

Í því sambandi er sérstök áhersla á að lagðir verði fjármunir í uppbyggingu á Reykjastrandarvegi nr. 748 og Hegranesvegi nr. 764. Á síðustu árum hefur umferð um Reykjastrandaveg aukist töluvert og samkvæmt talingum Vegagerðarinnar má gera ráð fyrir að hátt í 50 þúsund ökutæki hafi ekið um veginn árið 2016. Á Reykjaströnd jafnt sem í Hegranesi hefur átt sér stað mikil uppbygging í ferðaþjónustu (Drangeyjarferðir, Grettislaug, hestaleigur, gistisala o.fl.), auk þess sem íbúar flestra jarða sækja vinnu og/eða skóla utan heimilis.

Sveitarfélagið Skagafjörður leggur til eftirfarandi forgangsröðun varðandi bundið slitlag á tengivegi;

1. Reykjastrandarvegur nr. 748
2. Hegranesvegur nr. 764
3. Sæmundarhlíðarvegur nr. 762
4. Ásavegur nr. 769
6. Ólafsfjarðarvegur nr. 82 frá Ketilási að Molastöðum

4. Hafnir og sjóvarnir

Sveitarfélagið Skagafjörður ítrekar að veitt verði auknu fjármagni til hafnarframkvæmda og sjóvarna á næstu árum.

Uppsöfnuð þörf fyrir viðhald og nýframkvæmdir hjá Skagafjarðarhöfnum er mikil og í umsókn um framlög á samgönguáætlun 2015 til 2018 voru tilteknaðar helstu framkvæmdir sem ráðast þarf í á næstu árum;

- Dýpka þarf snúningssvæði innan Sauðárkrókshafnar, m.a. vegna tilkomu strandsiglinga og áforma um komu skemmtiferðaskipa til Sauðárkróks. Á undanförunum tveimur mánuðum hafa strandsiglingaskip lent í vandræðum vegna lítils dýpis innan hafnar. Kostnaðaráætlun verksins er um 55 m.kr.
- Endurgera þarf hluta norðurgarðs á Hofsósi og verja að hluta með grjótvörn. Kostnaðaráætlun verksins er um 100 m.kr.
- Endurnýja þarf gömul stálpil í Sauðárkrókshöfn sem komin eru á tíma vegna mikillar tæringar. Kostnaðaráætlun verksins er um 540 m.kr.
- Vinna þarf að undirbúningsrannsóknum vegna stækkunar á Sauðárkrókshöfn.

Það er einkum og sér í lagi brýnt forgangsmál að dýpkun snúningssvæðis innan Sauðárkrókshafnar og endurnýjun stálpila verði lokið sem fyrst og eigi síðar en vorið 2018.

Kostnaður við ofantaldar framkvæmdir eru um 700 milljónir króna og ljóst að Hafnasjóður Skagafjarðar stendur ekki undir jafn viðamiklum framkvæmdum sem þessum. Sömu sögu er að segja vítt og breitt um landið og því þarf að spyrna við fótum og stórauka fjármagn til framkvæmda við hafnir landsins.

5. Háhraðatengingar

Ísland ljóstengt, landsátak í uppbyggingu ljósleiðarakerfa í dreifbýli utan markaðssvæða, hefur reynst afar vel heppnuð aðgerð. Árið 2016 náðist fyrir tilstilli átaksins að tengja 45 heimili í dreifbýli Skagafjarðar við ljósleiðara og á árinu 2017 munu 151 heimili tengjast til viðbótar. Hafa þá náðst umtalsverðir áfangar í að bæta lífsgæði og búsetuskilyrði í dreifbýli Skagafjarðar. Það er gríðarlega mikilvægt að frekar verði aukið í heldur en hitt þannig að unnt verði að ljúka tengingum á svæðinu sem allra fyrst og eigi síðar en árið 2019.

Háhraðanet er mikilvægt fyrir alla þætti þjóðfélagsins, en með háhraðatengingu er hægt að bæta lífsgæði, byggja upp atvinnu og þannig ýta undir jákvæða byggðapróun sveitarfélaga, t.a.m. með því að gera einstaklingum og fyrirtækjum kleift að sinna fjarvinnslu og fjarnámi, að ógleymdri ferðaþjónustu. Má því segja að aðgangur að háhraða netsambandi sé meginforsenda uppbyggingar á landsbyggðunum.

6. Menningarhús á Sauðárkróki

Árið 2005 undirrituðu þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra, Gísli Gunnarsson, þáverandi forseti sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Agnar H. Gunnarsson, oddviti Akrahrepps, samkomulag um uppbyggingu menningarhúss í Skagafirði.

Grundvöllur þessa samkomulags var ákvörðun ríkisstjórnar Íslands frá árinu 1999 um að veita stofnstyrki til uppbyggingar menningarhúsa utan höfuðborgarsvæðisins með það að markmiði að bæta þar aðstöðu til menningar- og listastarfsemi.

Samkomulagið var byggt á niðurstöðum samstarfshóps skipuðum fulltrúum menntamálaráðuneytis og sveitarfélaganna í Skagafirði. Annars vegar var gerð tillaga um endurbætur á félagsheimilinu Miðgarði, þar sem áhersla yrði lögð á tónlistarflutning, stærri hátíðir og ráðstefnuhald. Var endurbætt hús, Menningarhúsið Miðgarður, formlega vígt við upphaf Sæluviku Skagfirðinga í apríl 2009. Hins vegar var gerð tillaga um að byggt yrði við núverandi Safnahús Skagfirðinga á Sauðárkróki og að þar verði menningarmiðstöð með áherslu á fræðastörf og sýningar, sem hýsi m.a. sýningarsal, bókasafn, listasafn og skjalasafn. Vegna efnahagserfiðleika var öllum undirbúningi og framkvæmdum þessa síðari áfanga slegið á frest um nokkurra ára skeið að ósk mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Með bréfi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, dags. 27. desember 2016, var tilkynnt um skipan fulltrúa ráðuneytisins í þarfagreiningarnefnd um byggingu menningarhúss á Sauðárkróki, og óskað eftir tilnefningu frá Sveitarfélaginu Skagafirði á mótí. Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar skipaði fulltrúa sveitarfélagsins á fundi 26. janúar sl.

Hinu nýja menningarhúsi á Sauðárkróki er ætlað að vera lifandi miðstöð lista og fræða í Skagafirði og sem slík vettvangur fyrir fólk til að njóta fjölbreyttra lista og afþreyingar, afla sér upplýsinga og miðla til annarra, auk þess að vera þverfaglegur miðpunktur fræðasamfélagsins. Mikil áhersla er lögð á að húsið myndi aðdráttarafl fyrir fólk til að hittast og njóta lista, fegurðar og fróðleiks í samvistum við hvert annað. Það eru gömul sannindi og ný að „maður er manns gaman“ og því fylgir ánægja og gleði að njóta fegurðar lífsins og lystisemda með öðrum. Í því skyni er undirstrikað mikilvægi þess að hið nýja menningarhús verði fallett og smekklegt í hönnun en um leið praktískt í allri notkun og umgengni. Umgjörðin á að skapa smekklegan vettvang fyrir fólk til að njóta „innihaldsins“ en ekki ætlað að vera höfuðatriðið sem dregur alla athygli frá þeirri sköpun og miðlun sem þar fer fram.

Í allri undirbúningsvinnu hefur verið unnið eftir þeirri meginforsendu að haldið sé áfram með þær hugmyndir sem unnið var með árið 2005, þ.e.:

- Að byggt sé við Safnahúsið og stutt sé við þá starfsemi sem er þar fyrir.
- Að menningarhúsið sinni öðrum þáttum menningar en Menningarhúsið Miðgarður gerir í dag.
- Að við hönnun endurbóta og viðbyggingar sé uppreiknuð fjárhæð til menningarhúss á Sauðárkróki, í gildandi samkomulagi ríkisins og sveitarfélaganna í Skagafirði, höfð til viðmiðunar fjárhagsþaks framkvæmda.

Fyrst og fremst er húsinu ætlað að ýta undir fjölbreytileika menningarlífs í Skagafirði. Horft er á það sem meginmarkmið að menningarhúsið:

- Verði lifandi vettvangur sviðslista í Skagafirði.
- Búi yfir aðstöðu til að halda metnaðarfullar sýningar, s.s. myndlistarsýningar, ljósmyndasýningar, sýningar á höggmyndalist o.s.frv.
- Hlúi vel að þeim menningararfi sem þegar er hér til staðar.
- Sé miðstöð rannsókna á skagfirskum menningararfi.
- Bæti aðstöðu almennings til að njóta fjölbreyttrar menningar og menningararfs, sem og njóta samvista við aðra íbúa svæðisins.

Afar brýnt er að á fjárlögum og í ríkisfjármálaáætlun sé gert ráð fyrir mótframlagi ríkisins gagnvart framlagi sveitarfélaganna í Skagafirði til menningarhúss á Sauðárkróki og þar með verði lokið við framkvæmd hinnar 18 ára gömlu ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um uppbyggingu menningarhúsa á landsbyggðinni.

Vel færi á því að skrifað væri undir samkomulag þess efnis á árinu 2017 þar sem tvær menningarstofnanir sem eru til staðar í húsinu, Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og Sögufélag Skagfirðinga, eiga stórafmæli á árinu. Héraðsskjalasafnið var stofnað árið 1947 og er elsta héraðsskjalasafn landsins, á 70 ára afmæli á þessu ári. Sögufélag Skagfirðinga er jafnframt elsta héraðssögufélag landsins, stofnað árið 1937 og á því 80 ára afmæli á þessu ári. Þá mun hluti starfsemi Byggðasafns Skagfirðinga hafa aðstöðu í húsinu en safnið hlaut á síðasta ári Íslensku safnaverðlaunin. Í rökstuðningi dómnefndar kom fram að starfsemi safnsins sé metnaðarfull og yfirgripsmikil, þar sem hlúð sé að hverjum þætti safnastarfsins á faglegan hátt. Það er markmið safnsins að byggja starfsemi sína áfram á slíkum faglegum metnaði.

7. Uppbygging ferðapjónustu og tekjustofnar sveitarfélaga

Ferðapjónusta er mjög ört vaxandi atvinnugrein. Fjöldi ferðamanna sem heimsækir landið er komin langt yfir eina milljón á ári og eykst hratt. Þjónusta hlutverk sveitarfélaga er viðamikil og vaxandi þegar kemur að ferðapjónustu en tekjurnar skila sér ekki að sama skapi aftur inn til sveitarfélaganna. Flest sveitarfélög reka margvíslega þjónustu við ferðamenn, svo sem söfn, sundlaugar, upplýsingamiðstöðvar, tjaldsvæði, útgáfu ferðabæklinga, upplýsingaskilti, snjómokstur og rekstur markaðsstofa.

Mikilvægi þessarar þjónustu hefur aukist undanfarin ár í takt við aukin straum ferðamanna til landsins. Auk þessara þátta hefur á undanförunum árum komið upp krafan um aukna uppbyggingu áfangastaða ferðamanna. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða ræður illa við að sinna nema nauðsynlegri uppbyggingu á allra fjölmennustu ferðamannastöðum og litlu fjármagni er veitt þaðan í uppbyggingu nýrra áfangastaða. Sveitarfélögin skortir mjög auknar tekjur og trausta tekjustofna til að standa undir kröfum um aukna þjónustu, opnunartíma og innviði.

Endurskoða þarf tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem hlýst af auknum straumi ferðamanna til landsins svo að sveitarfélögin geti betur staðið að uppbyggingu ferðapjónustunnar á sínum svæðum.

8. Deiliskipulag og uppbygging í Glaumbæ

Um nokkurra ára skeið hefur staðið yfir undirbúningur gerðar deiliskipulags fyrir Byggðasafn Skagfirðinga í Glaumbæ. Fullnusta þess hefur staðið á því að ekki hefur reynst unnt að ná samkomulagi um eignarhald lóðar safnsins. Þjóðminjasafn Íslands á gamla bæinn í Glaumbæ sem er torfríkasti bær landsins og var friðlýstur árið 1947, sveitarfélögin í Skagafirði eiga Áshúsið og

Gílsstofu, merk timburhús frá 19. öld, en þjóðkirkjan á jörðina. **Nauðsynlegt er að fá liðsinni við að annað hvort Þjóðminjasafnið eða Sveitarfélagið Skagafjörður fái að kaupa eða leigja lóð undir safnið og framtíðaruppbyggingu þess.**

Glaumbær er fjölsóttasti ferðamannastaður í Skagafirði en árið 2016 greiddu ríflega 45 þúsund gestir inn á sýningar þar og kannanir sýna að 22% til viðbótar sækja svæðið heim utan opnunartíma. Því er gríðarlega mikilvægt að deiliskipulagi verði lokið, aðkoma að svæðinu færð til suðurs frá þeim hættulega vegarkafli sem núverandi aðkoma liggur frá, bílastæði stækkuð til muna, safnsvæðið girt af og, síðast en ekki síst, að byggt verði nýtt þjónustuhús til að létta allt of miklu álagi af viðkvæmum og friðuðum húsum sem núverandi sýningar eru byggðar á.

Ljóst er að sú uppbygging sem ráðast þarf í mun kosta hundruði milljóna og ekki verður unnt að ráðast í hana án sameiginlegrar fjármögnunar Þjóðminjasafns Íslands / íslenska ríkisins og sveitarfélaganna í Skagafirði. Óverjandi er að draga þá uppbyggingu lengi eigi viðkvæmar og friðaðar minjar að fá að standa varðveittar komandi kynslóðum til fróðleiks, upplifunar og ánægju.

9. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Á liðnum árum hefur Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki verið að skila mun fleiri ársnemum en skólinn fær greitt fyrir frá ríkinu. Þannig fékk skólinn greitt fyrir 314 ársnemendum á síðasta ári en hefur að jafnaði verið að skila um 335 nemendum síðustu ár. Sökum þessa mismunar hefur skólinn ekki náð endum saman síðustu þrjú ár og var með um 16 milljónir í halla eftir uppgjör síðasta árs. Skilaboð menntamálaráðuneytis til skólans eru þau að fækka nemendum til að ná endum saman. Gerir ráðuneytið ráð fyrir 5% fækkun ársnemenda við skólann á hverju ári næstu 4-5 ár eða úr 315 nemendaígildum árið 2017 í 268 nemendaígildi árið 2020.

Þessi leið er ekki boðleg upp á framtíð skólans og þróun byggðar á Norðurlandi vestra að gera. Er þetta að auki í hróplegri mótsögn við tilraunaverkefni sem menntamálaráðuneytið setti af stað fyrir fáeinum misserum og sem laut að hækkun menntunarstigs í Norðvesturkjördæmi. Á Norðurlandi vestra er menntunarstig svæðisins frekar lágt og samanburður við landsmeðaltal yfirleitt neikvæður. Niðurstöður greiningar sem var grundvöllur verkefnisins var sú að einkum væri skortur á iðnmenntuðu fólki í kjördæminu og að þörf væri á námi tengdu sjávarútvegi, matvælaframleiðslu og þjónustu.

Við þessu hefur skólinn brugðist og boðið upp á fjölbreyttar námsleiðir, aðsókn verið mikil og eftirspurn og ánægja nemenda einnig að sama skapi. Það er því afar brýnt að skólanum verði fjárhagslega gert kleift að taka við þeim nemendum sem sækjast eftir námi við skólann þannig að skólinn geti byggt undir framtíðarsýn og markmið Sóknaráætlunar Norðurlands vestra um að í landshlutanum verði menntunarstig sambærilegt landsmeðaltali. **Veita þarf skólanum fjárheimildir til að taka til sín 10-15 ársnemendur til viðbótar við það sem gert er ráð fyrir í áætlunum menntamálaráðuneytis í dag.**

10. Háskólinn á Hólum

Háskólinn á Hólum er einn fjögurra opinberra háskóla á Íslandi og stuðlar hann að öflugum mennta- og rannsóknastarfi í héraði sem og á landsvísu. Mikilvægt er að skólinn fái að þróast áfram sem sjálfstæður háskóli en lögð er áhersla á vilja til að auka samstarf við aðrar háskólastofnanir til muna. Háskólinn á Hólum er fjöregg samfélagsins í Skagafirði og mjög mikilvægt að staðinn verði vörður um þá miklu og mikilvægu starfsemi sem þar er stunduð.

Starfsemi Háskólans á Hólum og þátttaka í samstarfsverkefnum skapar atvinnutækifæri í héraði og hefur jákvæð áhrif á byggðarþróun. **Mikilvægt er að Háskólinn á Hólum fái tækifæri til að rækta**

hlutverk sitt til menntunar einstaklinga á sviðum ferðamálafræði, hestafræði og fiskeldis- og fiskalíffræði á metnaðarfullan og framsækinn hátt með dyggum stuðningi hins opinbera. Nemendur sem brautskráðst hafa frá Háskólanum á Hólum eru margir hverjir í fremstu röð í sínum fögum á landsvísu og þótt víðar væri leitað, og hafa skilað umtalsverðum ávinningi og verðmætasköpun til íslensks samfélags.

11. Sögusetur íslenska hestsins

Sögusetur íslenska hestsins var stofnað að Hólum í Hjaltadal 9. júní 2001 af Hestamiðstöð Íslands, Byggðasafni Skagfirðinga og Hólaskóla. Sögusetrið var gert að sjálfseignarstofnun árið 2006 og eru stofnaðilar hennar Byggðasafn Skagfirðinga og Hólaskóli.

Megintilgangur Söguseturs íslenska hestsins ses. er samkvæmt stofnsamþykkt að það verði alþjóðleg miðstöð þekkingar og fræðslu um sögu íslenska hestsins, s.s. uppruna, þróun, eiginleika, notkun og samfélagsleg áhrif hans, frá landnámi til nútíma. Sögusetrið mun safna og varðveita ýmiskonar heimildir um íslenska hestinn, s.s. minjar, myndir, skjöl, hljóðritanir, ritaðar og munnlegar heimildir og þannig skapa honum veglegt heimildarsafn og gera það aðgengilegt almenningi. Þá mun Sögusetrið vinna að rannsóknum og athugunum á sögu, ræktun og þróun hestsins, eiginleikum hans og allri notkun. Miðstöð Sögusetursins er að Hólum í Hjaltadal.

Aðaláherslan í starfsemi setursins á liðnum árum hefur verið á gildi íslenska hestsins í íslenskrí menningu. Íslenski hesturinn er víðfrægur um heim allan og mikilvægur fulltrúi þjóðarinnar hér heima fyrir sem erlendis. Sést það glögglega á því hve Íslandshestaheimurinn er orðinn gríðarstór en þar eru menn gjarnan flokkaðir í tvo hópa; þá sem hafa komið til Íslands og þá sem eiga eftir að koma til Íslands til að kynna hestinum í sínu náttúrulega umhverfi og menningu þar að lútandi. Fyrir erlenda áhugamenn um íslenska hestinn skiptir menningin í kringum hann gríðarlegu máli og að hann sé ekta og upprunalegur (*e. authentic*) sem og flest allt sem honum tengist. Áherslan á að íslenski hesturinn og íslensk menning séu samantvinnuð er enda talið fyrsta áhersluatriði í árangursríkri markaðssetningu íslenska hestsins að mati Íslandsstofu sem nú heldur um stórt kynningarverkefni á því sviði (Horses of Iceland). Þar skiptir máli að Sögusetur íslenska hestsins geti þróað starfsemi sína enn frekar og orðið mikilvægur stuðningsaðili.

Á liðnum árum hefur Sögusetur íslenska hestsins hlotið styrki til starfsemi sinnar. Flestir þeirra hafa verið fremur smáir en um tíma var setrið á fjárlögum og fékk þá styrki allt að 6 m.kr. á ári. Sveitarfélagið Skagafjörður hefur einnig veitt árlega styrki til starfsemi setursins auk þess sem það hefur fengið framlög af Sóknaráætlun Norðurlands vestra. Þar er þó ekki um slíka fjármuni að ræða að komið geti í stað framlaga af fjárlögum.

Þrátt fyrir að setrinu hafi verið þröngt sniðinn stakkur fjárhagslega hefur því tekist að halda úti sýningarstarfi um íslenska hestinn. Það hefur haldið úti fastri yfirlitssýningu, auk þess að safna og miðla margskonar menningarefni (skjöl, ljósmyndir, munir o.s.frv.), standa fyrir málþingum og fyrirlesturum, og verið tengiliður og upplýsingamiðill fyrir alla þá sem vilja kynna sér sögu íslenska hestsins.

Mjög mikilvægt er að grundvöllur myndist til framtíðar svo tryggja megi tilvist og starfsemi setursins og að hægt sé að skipuleggja starfsemi þess til nokkurra ára í senn. Þar skiptir miklu að menningararfi íslenskrar hestamennsku sé haldið á lofti með svo myndarlegum hætti að athygli vekji. Grundvallaratriði er að Sögusetur íslenska hestsins komist að nýju á fjárlög og fái a.m.k. sömu upphæð að verðgildi og það hafði á sínum tíma. Sveitarfélagið Skagafjörður er reiðubúið til að koma með ríkinu að gerð 5 ára samstarfssamnings um mikilvæga starfsemi setursins, um þróun þeirra menningarverðmæta sem það hefur að miðla og forgangsroðun slíkra verkefna.

Með von um jákvæð viðbrögð.

Skagafirði 27. apríl 2017

f.h. **Sveitarstjórnar Skagafjarðar**

Virðingarfyllt,



Ásta Björg Pálmadóttir,

sveitarstjóri

